

Á flugi yfir Íslandi

Landmælingar Íslands hafa gefið út fjarkönnunardiskinn „Á flugi yfir Íslandi“. Á disknum er þrívíddarmynd af Íslandi í raunlitum sem hægt er að fljúga yfir og skoða frá mismunandi sjónarhornum. Flugdiskurinn markar tímamót þar sem þetta er fyrsti geisladiskur sinnar tegundar þar sem hægt er að skoða landið úr lofti með þessum hætti.

Þrívíddarmyndin er sett saman úr landhæðarlíkani af öllu landinu og gervitunglamyndum sem felldar eru ofan á það. Hver myndpunktur samsvarar svæði á jörðu niðri sem er 30 x 30 metrar að stærð. Notandinn getur byrjað ferðina þar sem honum sýnist og stjórnar hann ferðinni alfarið í rauntíma með „músarhreyfingum“. Diskurinn var útbúinn í samvinnu Landmælinga Íslands og fjarkönnunarfyrirtækisins GAF í München í Þýskalandi. Við gerð hans var notaður hugbúnaðurinn

TerraExplorer frá Skyline. Diskurinn hentar fyrir flestar heimilis-tölvur, en þó er ekki unnt að skoða hann á Macintosh-tölvum eða vélum með NT stýrikerfi. Umsjón með gerð disksins var í höndum dr. Kolbeins Árnasonar sem starfar á sviði fjarkönnunar hjá LMÍ.



Ótæmandi möguleikar

Kolbeinn segir mikinn áhuga vera á þessari nýju tækni. „Hugbúnaðurinn frá Skyline er einstakur og þessi framsetningarmáti á gögnum boðar nýja tíma í kortagerð. Í framtíðinni verður hægt að tengja þessi þrívíddargögn hvers konar

öðrum gögnum og t.d. mögulegt að merkja ákveðna staði á landinu sem hægt er að smella á og fá nánari upplýsingar um.“

Kolbeinn segir þennan fyrsta disk ætlaðan til kynningar á þessari framsetningu gagnanna og þeim möguleikum sem í henni felast en þeir séu nánast ótæmandi.

„Möguleikarnir til að skoða breytingar á landslagi og yfirborði lands eru margvíslegir og þar af leiðandi er þessi tækni mjög mikilvæg við hvers konar skipulag og umhverfismat, fyrir utan t.d. ferðakynningar og kennslu,“ segir dr. Kolbeinn Árnason.

Tákn um það sem koma skal

Magnús Guðmundsson forstjóri LMÍ segir diskinn „Á flugi yfir Íslandi“ tímamót í framsetningu fjarkönnunargagna og tákn um það sem koma skal. „Með þessum hætti er almenningi gert kleift að nálgast tiltölulega flókin gögn á ódýran og auðveldan máta, gögn sem áður stóðu aðeins sérfræðingum til boða. Hlutverk okkar er að bjóða upp á sem bestar landupplýsingar fyrir samfélagið og þetta er hluti af því,“ segir Magnús Guðmundsson en í tilefni af útgáfu flugdiskisins hafa Landmælingar, með stuðningi umhverfisráðuneytisins, fært Námsgagnastofnun 300 flugdiska án endurgjalds til dreifingar í alla grunn- og framhaldsskóla landsins.



Starfsmenn LMÍ sem vinna að gerð IS 50V gagnagrunnsins með verðlaunin.

Alþjóðleg verðlaun

Landmælingar Íslands hlutu alþjóðleg verðlaun í sumar fyrir framúrskarandi skipulag og uppbyggingu á landfræðilegu upplýsingakerfi við gerð stafræns gagnagrunns af öllu Íslandi í mælikvarðanum 1:50 000. Verðlaun þau sem Landmælingar Íslands hlutu eru veitt stofnunum eða fyrirtækjum sem þykja skara fram úr við að byggja upp landfræðileg upplýsingakerfi sem hafa mikla þýðingu fyrir samfélagið. Hugbúnaðarfyrirtækið ESRI hefur veg og vanda af veitingu verðlaunanna. Nánar er fjallað um verðlaunin í fréttabréfinu.



Þórdís G. Arthursdóttir, sölufulltrúi LMÍ.

Kortasalan sumarið 2001

Að sögn Þórdísar G. Arthursdóttur, sölufulltrúa LMÍ hefur salan gengið mjög vel í ár.

„Salan í sumar hefur í raun gengið mun betur en við gerðum ráð fyrir. Munar þar mestu um nýju Ferðakortabókina og ekki má gleyma Ferðakortinu 1: 500 000 sem stendur alltaf fyrir sínu. Nýja Hornstranda-kortið hefur notið mikilla vinsælda og tvöfaldaðist sala þess í sumar miðað við sölu síðasta árs.“

Þórdís segir aðal kortasöluna fara fram yfir sumarmánuðina og fari sölu-menn LMÍ í reglulegar söluferðir um landið. Kort Landmælinga Íslands eru aðallega seld í bókaverslunum, bensínstöðvum, kaupfélögum og ýmsum ferðaþjónustustöðum en útsölastaðir eru um 270 víðsvegar um landið, þar af 73 útsölastaðir á höfuðborgar-svæðinu.

Heimsókn frá Kína

Í júlíbyrjun í sumar kom Song Ruixiang, aðstoðarumhverfisráðherra Kína í heimsókn til Íslands til að kynna sér umhverfismál og stofnanir á sviði náttúruvísinda. Hann brá sér m.a. upp á Akranes og kynnti sér starfsemi Landmælinga Íslands og fræddist um kortagerð.



Magnús Guðmundsson, forstjóri LMÍ, kynnti starfsemi stofnunarinnar fyrir Song Ruixiang, aðstoðarumhverfisráðherra Kína.

Samstarf um gagnagrunn íslenskra örnefna

Landmælingar Íslands og Örnefnastofnun hafa gert með sér samstarfssamning um gagnagrunn íslenskra örnefna og var samningurinn undirritaður þann 12. september s.l. í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Báðar þessar stofnanir vinna skyld verkefni á sviði örnefnamála og með samningnum snúa þær bókum saman um að skapa einhlita og áreiðanlega skrá um íslensk örnefni. Til verður gagnagrunnur örnefna sem nýtist öllu samfélaginu.



Frá undirskrift samnings um örnefni í Þjóðmenningarhúsinu.

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Björn Bjarnason menntamálaráðherra staðfestu samstarfssamninginn með áritun sinni, en undir hann rituðu forstjóri Landmælinga Íslands, Magnús Guðmundsson og forstjóri Örnefnastofnunar, Svavar Sigmundsson.

Allt frá því land byggðist hafa örnefni lifað með íslensku þjóðinni. Þau hafa komið og farið, tekið breytingum eða verið svo greipt inn í þjóðarsálina að okkur finnst þau alltaf hafa verið til. Ógerningur er að gera sér grein fyrir því hversu mörg örnefni eru til á Íslandi. En með undirskrift samningsins hefur verið stigið stórt skref í þá átt að skrásetja íslensk örnefni á nákvæman hátt með nútímataekni. Með nýjum kortagrunni verða gæði upplýsinga sem til eru um

örnefni á Íslandi aukin auk þess sem menn eru í kapphlaupi við tímann við að skrásetja og varðveita upplýsingar sem gætu hæglega á næstu árum fallið í gleyskunnar dá.

Fyrsta verkefnið í samstarfi Landmælinga og Örnefnastofnunar verður hnitsetning íslenskra örnefna í

IS 50V kortagrunninn. Skráning örnefnanna í stafræna kortagrunninn IS 50V gefur ótalmarga möguleika við gerð korta. Aðilar í ferðaþjónustu geta því t.d. útbúið kort af tilteknu héraði eða ákveðnum svæðum og tengt við upplýsingar sem þeir vilja koma á framfæri.

Fyrsti ársfundur EuroGeographics

EuroGeographics samtökin sem stofnuð voru á síðasta ári með samruna CERCO, samtaka evrópskra kortastofnana og Megrin, dótturfyrirtækis samtakanna, héldu fyrsta ársfund sinn í Dublin á Írlandi í byrjun september s.l. Í samtökunum eru kortastofnanir 36 landa. Höfuðstöðvar samtakanna eru í París en formaður þeirra er Richard Kirwan forstjóri írsku kortastofnunarinnar.

Á fundinum var meðal annars farið yfir markmið og verkefni samtakanna á næstu mánuðum og misserum og reynt að meta gildi þeirra fyrir notendur í víðasta skilningi. Til fundarins komu full-

trúar frá Evrópusambandinu sem tóku þátt í umræðum um mikilvægi heildrænna gagnasafna af Evrópu. Einnig var boðið til fundarins fulltrúum leiðandi fyrirtækja á sviði landfræðilegra upplýsinga.

Helstu verkefni EuroGeographics á næstu misserum eru að efla vinnu við gerð stafrænna gagnasafna af Evrópu, þar sem stafræn kortagögn frá hverju landi eru notuð til að setja saman heildræn gagnasöfn af allri álfunni.

Fundinn sátu fyrir Íslands hönd Magnús Guðmundsson og Þorvaldur Bragason.

Verðlaunin frá ESRI:

Mikill heiður fyrir stofnunina og starfsmenn hennar

- segir Magnús Guðmundsson forstjóri LMÍ

Eins og greint er frá á forsiðu Kvarðans hlutu Landmælingar Íslands nú í sumar alþjóðleg verðlaun á ráðstefnu um landfræðileg upplýsingakerfi og kortagerð, en ráðstefna sem þessi er haldin árlega í San Diego í Kaliforníu. Stofnunin hlaut verðlaunin fyrir framúrskarandi skipulag og uppbyggingu á landfræðilegu upplýsingakerfi við gerð stafræns kortagrunns af öllu Íslandi (IS 50V) í mælikvarðanum 1:50 000.

Mikil þýðing fyrir samfélagið

Verðlaun þau sem Landmælingar Íslands hlutu eru veitt stofnunum eða fyrirtækjum sem þykja skara fram úr við að byggja upp landfræðileg upplýsingakerfi sem hafa mikla þýðingu fyrir samfélagið. Alþjóðlega hugbúnaðarfyrirtækið ESRI hefur veg og vanda af veitingu verðlaunanna, en það er eitt stærsta fyrirtækið á sviði landfræðilegra upplýsingakerfa í heiminum. Alls komu 60.000 fyrirtæki og stofnanir úr öllum heimshornum til greina vegna tilnefningar þessara verðlauna. Af þeim



fjölda fengu 52 stofnanir eða fyrirtæki viðurkenningar í sama flokki og Landmælingar Íslands.

Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, veitti verðlauninum viðtöku. Magnús segir verðlaunin mikinn heiður fyrir stofnunina og starfsmenn hennar og að þau verði mikil hvatning við uppbyggingu og viðhald stafræns kortagrunns af öllu landinu. „Verkefnið er mikið brautryðjendaverk en verið er að byggja upp frá grunni stafrænt landupplýsingakerfi í samstarfi við fjölmargar íslenskar stofnanir,“ segir Magnús. „Kortagrunnurinn mun reynast afar heilladrjúgur fyrir íslenskt samfélag.



Stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar munu geta tengst kortagrunninum og nýtt upplýsingar við fjölbreytileg viðfangsefni og rannsóknir.“

Til fróðleiks má geta þess að meðal verðlaunahafa að þessu sinni voru borgaryfirvöld í Sydney í Ástralíu, en þau hlutu viðurkenningu sína fyrir þróun á landfræðilegu upplýsingakerfi, sem m.a. var nýtt vegna Ólympíuleikanna sem haldnir voru í borginni á síðasta ári.

Gægst á glugga framtíðar

Sýning Landmælinga Íslands í Byggðasafninu að Görðum

Nýtt sýningarhús við Byggðasafnið að Görðum á Akranesi var formlega opnað miðvikudaginn 27. júní sl. Meðal sýninga er forsýning Landmælinga Íslands á munum í eigu stofnunarinnar sem ber heitið „Gægst á glugga framtíðar“. Nýja

sýningarhúsið hýsir auk sýningar LMÍ, Steinaríki Íslands, sýningu um gerð Hvalfjarðarganga og væntanlegt íþróttasafn. Í húsinu er rúmgóð veitingastofa og aðstaða til að taka á móti hópum ferðamanna og skólafólks.

Á forsýningunni, sem sett er upp við inngang sýningarsvæðis LMÍ, er gestum gefið færi á að gægjast í upplýsta kassa með mismunandi sýnishornum af tilvönandi safnsýningu. Einnig má sjá rýmið sjálft í gegnum eitt gatið og verður hægt að fylgjast með framvindu á bak við skilrúmið og því sem verður á varanlegri framtíðarsýningu sem til stendur að opna næsta vor.

Tilgangur þeirrar sýningar er að fræða alla sem áhuga hafa á íslenskrí náttúru og sögu landmælinga á Íslandi. Saga kortagerðar og kortlagning landsins frá upphafi byggðar verður rakin og beitt til þess þeim fjölmörgu aðferðum sem nútíma tækni býður upp á.

Hönnun og umsjón sýningar LMÍ var í höndum Vignis Jóhannssonar og Ara Trausta Guðmundssonar sem sjást á meðfylgjandi mynd.





NÝ VE Landmælingar

Ensk útgáfa vefsíðunnar býður upp á flesta sömu möguleika og íslenska útgáfan og gerir erlendum viðskiptavinum kleift að nýta sér þær vörur og þjónustu sem stofnunin býður uppá.

Landmælingar Íslands hafa í samvinnu við Hugvít hf. endu upp á nýja og vandaða vefsíðu sem sniðin er að þörfum almenns. Vefsíðan er sett upp í hugbúnaðinum GoProWeb og sjá sýningu eru leiðir inn í helstu málaflokkana, s.s. fyrirsagnir nýjustu



Á fréttasíðunni eru að finna nýjustu fréttir um það markverðasta sem gerist hjá LMÍ. Fyrirsagnir birtast á forsiðunni og fréttalistaunum og aðeins þarf að smella á fyrirsögnina til að nálgast alla fréttina.



Í fellinglugganum um LMÍ er hægt að nálgast helstu upplýsingar um stofnunina hratt og auðveldlega, m.a. skipurit, hlutverk og markmið, lög og netföng starfsmanna. Garðar Garðarsson, ráðgjafi hjá Hugviti hf, vann að undirbúningi og frágangi vefsíðunnar í samvinnu við Þorvald Bragason, Kristín G. Ólafsson, Gunnar H. Kristinsson og Eyðis L. Finnbogadóttur frá LMÍ. Ensk þýðing var í höndum Róberts Mellk.



FSÍÐA ga Íslands

skipulagt vefsíðu stofnunarinnar frá grunni. Boðið er
nnings og fjölbreytts hóps viðskiptavina stofnunarinnar.
arfsmenn LMÍ um uppfærslu efnis. Á upphafssíðunni
u fréttu, nýja vefverslun og margs konar gagnasöfn.




Kortaskjárninn er sérstök vefsíða þar sem hægt er skoða ýmis
kortagögn stofnunarinnar. Þar eru m.a. yfirlit um stöðu einstakra
flokka í IS 50V verkefningu og sýnishorn af gögnum.

*Notaður er ArcIms hugbúnaður.
Samstarfsaðili og verktafi er Stefja hf.*

Í kortaversluninni á vefnum eru kynntir allir helstu vörflokkar LMÍ.
Þar er að finna nánari upplýsingar um kort af öllum stærðum og
gerðum og auðvelt að panta.

Á nýju vefsíðunni eru beinar leiðir inn í ýmis gagnasöfn eins og
lýsigagnavefinn Landlýsing. Landlýsing er upplýsingavefur á
netinu um stafræn landfræðileg gagnasöfn af Íslandi, þar sem
sýnd eru lýsigögn um stafræn gögn í eigu stofnana, sveitarfélaga
og fyrirtækja. Samstarfsaðili LMÍ um rekstur Landlýsingar eru
LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi.

Landfræðilegum gögnum frá LMÍ dreift í skóla landsins

Í upphafi skólaárs nú í haust dreifðu LMÍ veggmynd af Vatnajökli ásamt tveimur kortum sem sýna mörk sveitarfélaga og stjórnsýsluumdæma sýslumanna til allra grunn- og framhaldsskóla í landinu. Veggmyndin sem hér um ræðir er gervitunglmynd sem sýnir Vatnajökul og næsta nágrenni og var



Dr. Kolbeinn Árnason, fjarkönnunarsérfræðingur LMÍ, með veggmynd af Vatnajökli.

hún unnin af LMÍ í samvinnu við umhverfisráðuneytið og Náttúruvernd ríkisins. Tilgangurinn með gerð og dreifingu myndarinnar er að vekja athygli á fyrirhugaðri stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2002 og þeim möguleikum sem fjarkönnun gefur við hvers kyns

náttúruvannsóknir og umhverfisvöktun. Myndin af Vatnajökli sem notuð er á veggspjaldið var tekin 25. júlí 2000 úr indversku gervitungli, IRS-1D, sem er á braut umhverfis jörðu í u.þ.b. 817 km hæð.

Sveitarfélagakort

Miklar breytingar hafa orðið á mörkum sveitarfélaga á undanförunum árum og var talið nauðsynlegt að bregðast við með gerð nýrra korta. Landmælingar Íslands gáfu því út, í samvinnu við Hagstofu Íslands og ýmis ráðuneyti sem málið varða, tvö kort í mælikvarðanum 1:750 000 sem sýna mörk sveitarfélaga og stjórnsýsluumdæma sýslumanna eins og þau urðu eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Það er von stofnunarinnar að þessi gögn komi sér vel við kennslu í skólum.

Flugdiskur í alla skóla landsins

Í tilefni af útgáfu geisladisksins „Á flugi yfir Ísland“ ákváðu Landmælingar með stuðningi umhverfisráðuneytisins að færa Námsgagnastofnun 300 flugdiska án endurgjalds til dreifingar í alla grunn- og framhaldsskóla landsins. Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, afhenti diskana fyrir hönd Landmælinga Íslands og tók Ingibjörg Ásgeirsdóttir,



Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, afhenti Ingibjörgu Ásgeirsdóttur flugdiskinn.

forstjóri Námsgagnastofnunar, við þeim á blaðamannafundi sem haldinn var 20. september s.l.

Fyrst um sinn er aðeins hægt að eignast flugdiskinn með því að panta hann á vef Landmælinga Íslands, www.lmi.is, eða hringja í síma 430 9000 og fá hann sendan heim í pósti.

Útboð fyrir IS 50V

Í júlí í sumar fór fram útboð á þjónustu við öflun vektorgagna fyrir IS 50 verkefni Landmælinga. Útboðið fór fram í samvinnu við Ríkiskaup og sendu tveir aðilar inn tilboð í verkið. Um var að ræða tilboð í vektorgögn fyrir vatnafar, mannvirki og hæðarlínur fyrir mælikvarða 1:50 000.

Tilboði var tekið frá Loftmyndum ehf sem áttu lægsta tilboðið og munu LMÍ fá vektorgögn af vatnafari og mannvirkjum á vormánuðum 2002.

Golfmót starfsmannafélags LMÍ

Starfsmannafélag LMÍ stóð fyrir golfmóti fyrir starfsmenn og maka þeirra í lok september. Ágæt þátttaka var í móti sem fór fram við ákjósanlegustu aðstæður í blíðskaparveðri á Garðavelli á Akranesi. Mótið hefur unnið sér fastan sess í félagslífi starfsmanna LMÍ og þykir hin besta skemmtun. Spilaður er fjórmenningshögggleikur og keppa tveir og tveir saman. Til að auka á spennuna er reynt að velja saman reynsluminni golfara og þá sem náð hafa meiri árangri í íþróttinni. Keppt er um fjölbreytt verðlaun og farandgripir fyrir hin ýmsu afrek. Keppendur sýndu upp til hópa góð tilþrif og fóru leikar svo að Guðmundur Þór Valsson og Þorvaldur Bragason báru sigur úr bitum.



Þátttakendur í LMÍ-golfmóti starfsmanna Landmælinga.

Góður rekstur Landmælinga Íslands


Afkoma LMÍ á árinu 2000 var góð eins og fram kemur í ársskýrslu stofnunarinnar sem kom út í maí. Heildarvæltan var 222,8 milljónir króna og jókst um 26,0% frá fyrra ári en umsvif stofnunarinnar hafa aukist verulega í kjölfar nýrra og viðameiri verkefna. Heildartekjur vegna sölu á kortum og gögnum voru alls 44,2 milljónir. Tekjur af sölu stafrænna gagna jukust verulega á milli ára og eru orðnar um fjórðungur af heildarsölunni. Framlög ríkisins á árinu námu 178,3 milljónum króna.

Vel staðið að rekstrinum

Að sögn Kristjáns F. Guðjónssonar forstöðumanns stjórnarsýslusviðs eru menn að vonum ánægðir með rekstrinum. „Hagur stofnunarinnar var góður á árinu og nam tekjuafgangurinn tæpum

16 milljónum samanborið við 3,9 milljónir árið 1999. Á árinu var samkeppnisrekstur aðskilinn frá öðrum rekstri stofnunarinnar og gerður að sérstakri einingu. Sú aðgerð tókst vel og getum við ekki annað en verið sátt við útkomuna,“ segir Kristján F. Guðjónsson.

30 ársverk voru unnin á stofnuninni árið 2000 sem er svipað og 1999. Kynjahlutfallið er nánast jafnt eða 51% konur og 49% karlar. Meirihluti starfsmanna er búsettur á Akranesi en þeim hefur fjölgað um 9% frá fyrra ári.



Norrænir starfsmenn á stjórnarsýslusviði funda

Tveggja daga fundur fjármála- og starfsmannastjóra kortastofnanna á Norðurlöndum var haldinn á Akranesi í maí í vor. Dagskrá fundarins var fjölbreytt og mörg mál rædd sem tengjast stjórnarsýslusviði kortastofnanna. Teknar voru saman tölur varðandi rekstur og starfsmannahald og þær bornar saman jafnframt sem sagt var frá þróunarverkefnum sem stofnanirnar vinna að.

Samanburður á rekstri

Jensína Valdimarsdóttir og Kristinn G. Ólafsson sem sátu fundinn fyrir hönd LMÍ greindu fundarmönnum m.a. frá Landmælingasafninu, flugdiskinum og nýjum vef Landmælinga, www.lmi.is. Magnús Guðmundsson, forstjóri LMÍ flutti erindi um endurmenntun á fundinum.

Fyrri daginn var farið með fundargesti í skoðunarferð um Akranes og seinni daginn var farið á sjóstöng. Eftir fundinn var gefin út skýrsla þar sem birt er samantekt fundarins ásamt yfirliti yfir samanburð á rekstri norrænu kortastofnanna. Lýstu gestirnir ánægju með fundinn sem þótti takast á allan hátt með ágætum.



Starfsfólk stjórnarsýslusviðs, á myndina vantar Bryndísi Gylfadóttur.

Mælingar sumarsins 2001

Í sumar var áfram unnið að fallmælingum á Suðurlandi líkt og undan farin ár. Verkefnið sem hér um ræðir er unnið á vegum LMÍ í samvinnu við Vegagerðina og Landsvirkjun. Gísli Karlsson, starfsmaður Landmælinga vann að mælingunum.


Tilgangur verkefnisins er að koma á nýju samræmdu hæðarkerfi fyrir allt landið en það er ekki til í dag.

Starfsmenn Landmælinga settu upp nýja GPS-jarðstöð á Akureyri í sumar í samvinnu við Norðurorku og Háskólann á Akureyri. Guðmundur Þór Valsón og Markus Rennen sáu um uppsetninguna og innmælingu stöðvarinn-

ar. Mælingagögnin verða aðgengileg á vefsíðu LMÍ.


Í sumar fóru ennfremur fram GPS mælingar á Suðurlandi í tengslum við mælingar á grunnstöðvæneti. Þrjár mælingaflokkar frá Landmælingum tóku þátt í verkefninu og hafa ekki jafnmargir komið að slíku verkefni áður. Unnið var í samstarfi við Vegagerðina, Orkustofnun, Landsvirkjun og Landsímann. Þau sem tóku þátt í verkefninu fyrir hönd Landmælinga voru Gísli

Karlsson, Guðmundur Þór Valsón, Markus Rennen, Súsanna Pétursdóttir og Þórarinn Sigurðsson, forstöðumaður mælingasviðs.



Vönduð ferðakortabók

Landmælingar Íslands gáfu út síðast liðið vor nýja og vand- aða ferðakortabók. Bókin hefur að geyma veglegt ferðakort í mælikvarðnum 1:500 000 með nýjstu upplýsingum um vegakerfi landsins, veganúmer, auk mikilvægra upplýsinga um ferðaþjónustu, svo sem bensínafgreiðslur, gisti- staði, sundlaugar, söfn, golfvelli og fleira. Kortið í bókinni er nýtt og unnið frá grunni með stafrænni tækni.



Allar helstu upplýsingar fyrir ferðamenn

Í Ferðakortabókinni er nafnaská með yfir 3000 örnefnum, götukort af Reykjavík og Akureyri, Þjóðminjaskort, kort yfir þjónustusvæði GSM síma, tafla um vegalengdir milli helstu áfangastaða ferðamanna, upplýsingar um þjónustu FÍB, jarðfræði- og gróðurkort af Íslandi auk annarra mikilvægra upplýsinga fyrir ferðamenn.

Skýringar með ferðakorti eru á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, frönsku og þýsku.

Bókin er 72 bls. að stærð í brotinu 21,5x11,5 cm og er hún fánleg á öllum helstu sölustöðum korta.

Kvarðinn

FRÉTTABREF LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Kvarðinn nr. 6, 2. tbl., 3. árg., október 2001

Útgefandi: Landmælingar Íslands,

Stíllholti 16-18, 300 Akranes

Sími: 430 9000 - Fax: 430 9090

Tölvupóstur: lmi@lmi.is

Vefsíða: www.lmi.is

Ábm.: Þorvaldur Bragason

Útlit og umsjón texta: Kristján Kristjánsson

Ljósmyndir: Carsten Kristinsson, Guðni

Hannesson, Magnús Hjörleifsson, Ragnar

Th. Sigurðsson og Kristján Kristjánsson

Umbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.

Tímamótasamningur

- um landupplýsingar og fjarkönnun

Landmælingar Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um gagnkvæma notkun á stafrænum landfræðilegum kortagögnum og um fjarkönnun. Báðar þessar stofnanirnar vinna að kortagerð, rannsóknnum og annarri upplýsingaöflun um náttúru Íslands. Þar sem verkefni þeirra eru um margt tengd vegna úrvinnslu og notkunar landfræðilegra upplýsinga og stafrænna korta er hagkvæmt að þær eigi með sér náð samstarf á þeim sviðum.

Í samningnum felst að hvor stofnun um sig mun fá aðgang að gögnum og þjónustu hinnar vegna verkefna við uppbyggingu stafrænna kortagrunna og gerð þemakorta um náttúru Íslands. Um notkun þessara gagna gilda almenn ákvæði um höfundarrétt og lög og reglugerðir um stofnanirnar. Jafnframt eru í samningnum skilmálar um afhendingu gagna til þriðja aðila.

Auk þess sem stofnanirnar fá afnot af gögnum hvorrar annarrar munu þær samkvæmt samningnum leitast við að fjármagna í sameiningu kaup á gervi-

tunglamyndum sem nýttast í verkefnum beggja stofnana og vinna saman að þróun og rannsóknum á notkun gervitung-



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri og Magnús Guðmundsson, forstjóri LMÍ við undirritun samningsins í umhverfisráðuneytinu.

lagagna til flokkunar og kortlagningar á náttúrufari. Samningurinn mun styrkja starfsemi beggja stofnananna og auðvelda þeim að koma til móts við vaxandi kröfur þjóðfélagsins um stafræn náttúrufarsgögn.

Áskrift að IS 50V

Landmælingar Íslands hafa gert áskriftarsamninga um sölu og afhendingu gagna úr stafræna kortgrunninum IS 50V við margar af stærstu stofnunum og fyrirtækjum landsins. Ákvörðun var tekin um nýtt gjaldskrármynstur og var grunnverð gagnanna lækkað verulega til þeirra sem gerast áskrifendur. Hér er á ferðinni hagkvæmur og góður kostur fyrir þá aðila sem þurfa að nýta sér grunninn en stefnt er að því að ljúka gerð hans árið 2003.

Grunnurinn er byggður upp í fjölmörgum lögum sem skipt er í sjö flokka: hæðarlínur, vatnafar, mannvirki, samgöngur, mörk, yfirborð og örnefni. Að sögn Gunnars H. Kristinssonar sölustjóra LMÍ hafa margar stofnanir og fyrirtæki gert samninga og fengið gögn afhent. Má þar nefna Fasteignamat

ríkisins, Orkustofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins (Rala), Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun, Landsvirkjun, Landssímann og bandarísku kortastofnunina NIMA.

Mörg sveitarfélög hafa ennfremur óskað eftir áskrift og fengið gögn til að nota við gerð aðal- og svæðisskipulags, má þar nefna Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Húnavatnssýslur og ýmis sveitarfélög í Eyjafirði.

